

Ár 2012, föstudaginn 5. október, er í Félagsdómi í málinu nr. 7/2012

**Bandalag háskólamanna
f.h. Félags lífeindafræðinga
gegn
íslenska ríkinu
v/Heilbrigðisstofnunar Vesturlands**

kveðinn upp svofelldur

d ó m u r:

Mál þetta var dómtekið 18. september 2012.

Málið dæma Arnfríður Einarsdóttir, Gyli Knudsen, Kristjana Jónsdóttir, Inga Björg Hjaltadóttir og Elín Blöndal.

Stefnandi er Bandalag háskólamanna, Borgartúni 6, Reykjavík, f.h. Félags lífeindafræðinga, Borgartúni 6, Reykjavík.

Stefndi er íslenska ríkið vegna Heilbrigðisstofnunar Vesturlands, Merkigerði 9, Akranesi.

Dómkröfur stefnanda

1) Að viðurkennt verði að stefnda beri samkvæmt grein 2.3.3.1 í kjarasamningi Félags lífeindafræðinga og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs að greiða félagsmönnum félagsins, sem starfa við Heilbrigðisstofnun Vesturlands, minnst þrjár klukkustundir í yfirvinnukaup fyrir hvert skipti sem starfsmaður er kallaður til vinnu sem ekki er í beinu framhaldi eða undanfari daglegs vinnutíma hans.

2) Að viðurkennt verði að stefnda beri samkvæmt grein 2.3.3.2 í kjarasamningi Félags lífeindafræðinga og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs að greiða félagsmönnum félagsins, sem starfa við Heilbrigðisstofnun Vesturlands, minnst fjórar klukkustundir í yfirvinnukaup fyrir hvert skipti sem starfsmaður er kallaður til vinnu á tímabilinu frá kl. 00.00- 08.00 á mánudegi til föstudags, kl. 17:00-24.00 á föstudegi eða almennum eða sérstökum frídegi skv. gr. 2.1.4.1 og 2.1.4.2, nema reglulegur vinnutími starfsmanns eigi endranær að hefjast innan þriggja og hálftrar klukkustunda frá því útkall hófst sem ekki er í beinu framhaldi eða undanfari daglegs vinnutíma hans.

Þá er þess krafist að stefndi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar að mati dómsins.

Dómkröfur stefnda

Stefndi gerir þá kröfu aðallega að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að honum verði tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Til vara er þess krafist að málskostnaður verði látinn niður falla.

Málavextir

Stefnandi kveður málavexti þá, að á liðnum misserum hafi borið á því að heilbrigðisstofnanir stefnda hafi einhliða gert breytingar á því hvernig laun félagsmanna stefnanda séu reiknuð. Eigi það einkum við um greiðslur fyrir útköll þegar svo hátti til að útköll skarist. Hafi þá verið greitt fyrir samanlagðan tíma útkalla í stað þess að greiða fyrir hvert útkall fyrir sig eins og kjarasamningur geri ráð fyrir.

Í einhverjum tilvikum virðist sem breytingin hafi orðið við upptöku nýrra tímaskráningarkerfa og án þess að starfsmönnum hafi verið gerð grein fyrir því að breyting stæði til. Í öðrum tilvikum hafi starfsmönnum verið tilkynnt að breytingar væru fyrirhugaðar áður en þær tóku gildi. Sem dæmi um slíkt megi nefna breytingar Sjúkrahússins á Akureyri á greiðslufyrirkomulagi fyrir vaktir félagsmanna en ágreiningi um þá einhliða breytingu sjúkrahússins hafi lokið með dómi Félagsdóms í málinu nr. 3/2011. Í þeim dómi hafi verið fallist á kröfur stefnanda þessa máls vegna þeirra félagsmanna stefnanda sem þar starfa.

Þrátt fyrir framangreindan dóm, hafi stefndi haldið uppteknum hætti á öðrum heilbrigðisstofnunum sínum, m.a. á Heilbrigðisstofnun Vesturlands. Þar hafi starfsmönnum ekki verið tilkynnt um að breyting yrði á áralangri framkvæmd kjarasamnings og hafi starfsmenn ítrekað gert athugasemdir við þetta ráðslag, bæði munnlega og skriflega, eftir að þeir urðu þessa varir en án árangurs.

Með bréfi, dagsettu 31. október 2011, hafi stefnandi skorað á stefnda, Heilbrigðisstofnun Vesturlands, að láta þegar af hinni umdeildu útreikningsaðferð vegna útkalla, þ.e. að fella saman tíma þegar útköll sköruðust, og vísaði þar til fyrrgreindrar niðurstöðu Félagsdóms. Engin viðbrögð hafi borist við því bréfi. Hinn 25. nóvember 2011 hafi verið óskað fundar við starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins um málið og hafi sá fundur farið fram 7. desember 2011. Fulltrúar stefnda á þeim fundi hafi hins vegar ekki fallist á kröfur stefnanda hvað varðar greiðslur fyrir útköll. Engin frekari viðbrögð hafi komið fram við kröfum stefnanda en stefndi haldi uppteknum hætti og greiði aðeins fyrir samanlagðan tíma

tveggja útkalla þegar fleiri en eitt útkall skarist og brjóti því, að álitni stefnanda, þar með gegn skýru kjarasamningsákvæði. Þar sem stefndi hafi ítrekað synjað því að hverfa frá framkvæmd sinni, sé stefnanda nauðugur einn kostur að leita fulltingis Félagsdóms til að fá hlut félagsmanna sinna réttan.

Málsástæður stefnanda og lagarök

Stefnandi byggir á því að ágreiningsefni máls þessa falli að lögbundnu hlutverki og verkefnum Félagsdóms samkvæmt 26. gr. laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sbr. 44. gr. laga nr. 80/1938. Stefnandi sé stéttarfélag í skilningi 47. gr. laga nr. 70/1996 og geri kjarasamning fyrir félagsmenn sína, þar á meðal starfsmenn stefnda, og sé því rétt að höfða mál þetta til rétttra efnda á þeim kjarasamningi.

Krafa stefnanda byggir á ákvæðum 2.3.3.1 og 2.3.3.2 í kjarasamningi Félagslífeindafræðinga og fjármálaráðherra, dagsettum 28. febrúar 2005, sem endurnýjaður hafi verið með samkomulagi, dagsettu 28. júní 2008, og aftur í júní 2011. Engar breytingar hafi verið gerðar á hinum umþrættu ákvæðum í nýrri samningunum.

Ákvæðin séu svohljóðandi:

„2.3.3.1

Þegar starfsmaður er kallaður til vinnu sem ekki er í beinu framhaldi af daglegri vinnu hans, skal greitt yfirvinnukaup fyrir að minnsta kosti 3 klst. nema reglulegur vinnutími hans hefjist innan þriggja klst. frá því að hann fór til vinnu en þá greiðist yfirvinna frá upphafi útkalls fram til þess að reglulegur vinnutími hefst. Ljúki útkalli áður en 3 klst. eru liðnar frá lokum hinnar daglegu vinnu, skal greiða yfirvinnu fyrir tímann frá lokum hinnar daglegu vinnu til loka útkallsins.

2.3.3.2

Ef útkall hefst á tímabilinu kl. 00:00-08:00 frá mánudegi til föstudags, kl. 17:00-24:00 á föstudegi eða á almennum eða sérstökum frídögum skv. gr. 2.1.4.1 og 2.1.4.2 skal greitt yfirvinnukaup fyrir að minnsta kosti 4 klst. nema reglulegur vinnutími hefjist innan 3 og ½ klst. frá því að útkall hófst en í þeim tilvikum skal greiða ½ klst. til viðbótar við unninn tíma.“

Félagsmenn stefnanda, sem starfi hjá stefnda, hafi áður fengið greitt fyrir hvert útkall fyrir sig og hafi þá einu gilt hvort annað útkall fylgdi í kjölfarið. Hafi sú framkvæmd verið viðhöfð um langt árabíl í fullri sátt milli aðila og félagsmönnum stefnanda verið greitt í samræmi við hana. Breytingar á þessu hafi ekki verið tilkynntar starfsmönnum og þeir munu hafa haft uppi mótbárur við þessu um leið og þeim hafi orðið breytingin ljós Hafi stefndi þannig einhliða breytt réttarstöðu

starfsmanna þeim til tjóns, án þess að færa rök fyrir því, við hvaða heimild þessi framganga styddist og án þess að upplýsa þá um að breytingin kæmi til framkvæmda.

Á því er byggt af hálfu stefnanda að stefndi geti ekki einhliða breytt áralangri framkvæmd, sem sé í samræmi við ákvæði gildandi kjarasamninga, með þeim hætti sem gert hafi verið í máli þessu, þ.e. án þess að um það væri samið í kjarasamningi og án þess að starfsmönnum væri gerð grein fyrir því. Sú framkvæmd hafi verið óumdeild um árábil að greiða ætti fyrir hvert útkall í samræmi við ákvæði kjarasamninginn og gildi þá einu hvenær fyrra útkalli lauk. Hafi því tryggilega verið fest í sessi tiltekin túlkun og beiting á ákvæðum kjarasamnings aðila, sem ekki verði breytt einhliða, enda um lögbundin lágmarkskjör að ræða.

Breytingu á gildandi fyrirkomulagi verði ekki náð fram nema með uppsögn kjarasamnings eða breytingu á viðeigandi ákvæðum við endurnýjun. Frá því nefnd kjarasamningsákvæði komu inn í samninga aðila, hafi þau verið endurnýjuð ítrekað og nú síðast í júní 2011. Stefndi hafi ekki hreyft hugmyndum um breytingar í þessa veru á kjarasamningi, áður en hann var endurnýjaður. Þau ákvæði kjarasamnings, sem hér sé deilt um, hafi aftur á móti verið endurnýjuð án breytinga eða nokkurra athugasemda af hálfu stefnda. Að mati stefnanda hefði þó verið fullt tilefni fyrir stefnda til að taka upp umræðu um þessi ákvæði, hefði stefnandi talið ástæðu til þess, undir þeim kjarasamningsviðræðum, en þá hafi ágreiningur þeirra um túlkun þessa ákvæðis verið fyrir Félagsdómi, sem lokið hafi með dómi hinn 8. júní 2011, tveimur dögum eftir undirritun samnings aðila. Ganga verði út frá því að stefnda hefði mátt vera sú deila ljós þar sem hann var aðili að því máli og hafði, þegar kjarasamningur var undirritaður, þegar skilað var greinargerð til Félagsdóms vegna deilunnar. Hefði stefnda því verið í lófa lagið að gera athugasemdir við umrætt ákvæði kjarasamnings eða bæta við það skýringarákvæði þar sem þessi skilningur hans á ákvæðinu kæmi fram. Það hafi stefndi hins vegar ekki gert. Stefndi telur að fyrrgreind niðurstaða Félagsdóms í máli nr. 3/2011 hafi ótvírætt fordæmisgildi um ágreining aðila þessa máls og sé framganga stefnda í raun viðurkenning í verki á þeirri staðreynd.

Þá byggir stefnandi einnig á því, að milli aðila sé í gildi einn og sami kjarasamningur. Hann eigi við um alla félagsmenn stefnanda og beri að túlka hann með sama hætti, hvar svo sem starfsmenn stefnda inni vinnu sína af hendi í þágu hans. Ekki standi rök til þess að einhvers konar atviksbundið mat eigi að gilda í þessum efnunum eftir því í hvaða landshluta sjúkrahúsið er staðsett, sem um ræði hverju sinni, eða eftir því hvernig skráningu vakta sé háttað á hverjum stað. Óumdeilt sé að störf þeirra, sem hér eiga í hlut, séu með nákvæmlega sama hætti alls staðar á landinu og ekkert tilefni eða röksemdir fyrir slíkri mismunun. Kjör félagsmanna stefnanda samkvæmt fyrrgreindum ákvæðum kjarasamnings og áralöngum skilningi séu því

bindandi lágmarkskjör samkvæmt 24. gr. laga nr. 94/1986, sbr. einnig 7. gr. laga nr. 80/1938.

Stefnandi byggir einnig á því, að einhliða breyting stefnda á útkallsgreiðslum þannig að tvö útköll með skömmu millibili séu látin falla saman í eitt, brjóti beinlínis gegn megininntaki hugtaksins „útkall“ eins og það birtist í kjarasamningi aðila. Á því er byggt að í því hugtakinu felist að starfsmaður sé kallaður sérstaklega á vinnustað til að sinna tilteknu verki og þegar því verki sé lokið sé ekki um frekari viðveruskyldu starfsmannsins að ræða. Fyrir slíkt útkall sé greitt samkvæmt ákvæðum kjarasamnings og felist í þeirri greiðslu m.a. umbun fyrir að koma fyrirvaralaust til vinnu af heimili sínu í frítímanum. Komi til nýtt útkall í kjölfar þess fyrra, gildi einu tímalengd fyrra útkallsins, enda síðara útkallið ótengt hinu fyrra. Þetta sé skýrt í greinum 2.3.3.1 og 2.3.3.2 í kjarasamningi aðila og gefi hvorki þær greinar, né nokkur skýringargögn eða dómafordæmi, tilefni til þeirrar túlkunar á þessum ákvæðum, sem stefndi kjósi að beita, þ.e. að samnýta megi tvö slík útköll. Áður hafi í tvígang verið leyst úr því fyrir Félagsdómi að sú túlkun samrýmist ekki kjarasamningi, sbr. niðurstöðu Félagsdóms í máli nr. 13/2002 og í máli nr. 3/2011, sem hafi fordæmisgildi í þessu máli.

Um lagarök vísar stefnandi til laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, laga nr. 70/1986, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og varðandi málskostnað til laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála. Krafa um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun styðst við lög nr. 50/1988 en stefnandi kveðst ekki vera virðisaukaskattsskyldur og beri honum því nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnda.

Málsástæður stefnda og lagarök

Stefndi hafnar kröfum stefnanda og mótmælir því að framkvæmd Heilbrigðisstofnunar Vesturlands hafi verið í samræmi við ákvæði gildandi kjarasamnings milli aðila. Með ákvæðum 2.3.3.1 og 2.3.3.2 í kjarasamningnum sé starfsmanni tryggð yfirvinnugreiðsla vegna útkalla en hvorki sé tilgangur ákvæðanna né felist í þeim réttur til að vera á tvöföldum launum þann tíma sem útköll falli saman. Af hálfu stefnda sé mótmælt túlkun stefnanda á hugtakinu „útkall“, sem fram komi í stefnu. Skilningur ráðuneytisins á greinum 2.3.3.1 og 2.3.3.2 hafi ætíð verið sá að þegar útköll, sem liggja það nálægt í tíma að lágmarksgreiðslu næsta útkalls á undan sé ekki lokið þegar hið næsta hefst, gildi sú regla að greiða skuli fyrir samfelldan tíma frá upphafi fyrsta útkalls til loka þess síðasta. Sé það í samræmi við þá meginreglu að sá sem sinnir útköllum fái ekki greitt meira en sá sem vinni samfelldan tíma. Túlka beri orðalagið „að minnsta kosti“ svo að heimilt sé að samnýta tvö útköll ef þrjár eða fjórar klukkustundir eru ekki liðnar áður en starfsmaður er kallaður aftur til vinnu.

Þessi skilningur komi skýrlega fram í skýringum með sumum sérútgáfum kjarasamninga fyrir hvert stéttarfélag innan BHM þar sem sé að finna samhljóða ákvæði um útköll. Í skýringunum komi fram að sé um endurtekin útköll að ræða með stuttu millibili, skuli greiða samfelldan tíma frá upphafi fyrra/fyrsta útkalls þangað til síðara/síðasta útkalli lýkur. Þó svo þessi skýring sé ekki í öllum sérútgáfum, felist ekki í því viðurkenning af hálfu ríkisins á mismunandi túlkun á samhljóða ákvæðum.

Ekki hafi risið neinn ágreiningur milli ríkisins og BHM um þá almennu túlkun á umræddum ákvæðum, sem að framan greini, og framkvæmd hennar um áratuga skeið á öðrum vinnustöðum á vegum ríkisins. Fjármálaráðuneytið hafi því talið að þessi skýring væri sameiginlegur skilningur stefnda og allra þeirra stéttarféлага innan BHM sem að sambærilegum kjarasamningsákvæðum komu.

Af hálfu fjármálaráðuneytisins sé lögð á það áhersla að önnur framkvæmd á Heilbrigðisstofnun Vesturlands hafi ekki verið til umfjöllunar sem samningsatriði við kjarasamningsgerð aðila og geti framkvæmd þar og sem ekki sé í samræmi við framkvæmd sama kjarasamnings hjá öðrum stofnunum ríkisins, ekki talist hluti af kjarasamningi ríkisins og Félags lífeyndisráðgjafa. Við endurnýjun kjarasamnings aðila hafi aldrei komið fram af hálfu viðsejenda ríkisins að greiðslur fyrir útköll hefðu verið með þeim hætti sem reyndin var hjá Heilbrigðisstofnun Vesturlands. Ráðuneytið hafi aldrei gengið út frá tilvist framkvæmdar Heilbrigðisstofnunar Vesturlands á greinum 2.3.3.1 og 2.3.3.2 við kjarasamningsgerð. Þvert á móti hafi ríkið gert ráð fyrir því að framkvæmd ákvæðisins væri með allt öðrum hætti. Framkvæmd Heilbrigðisstofnunar Vesturlands hafi fyrst orðið ljós við innleiðingu á Vinnustund, rafrænni viðveru- og fjarvistarskráningu, þegar í ljós hafi komið að kerfisþættir vinnustundar héldu ekki utan um útfærslu Heilbrigðisstofnunar Vesturlands. Framkvæmd stofnunarinnar hefði því ekki verið í samræmi við venjubundna túlkun ríkisins á ákvæðunum og því ekki gert ráð fyrir henni í kerfisþáttum Vinnustundar.

Ekki sé unnt að fallast á að dómar Félagsdóms í málum nr. 13/2002 og nr. 3/2011 hafi fordæmisgildi í þessu máli. Forsaga máls nr. 13/2002 hafi verið sú að upp hafði komið ágreiningur á árunum 1983 og 1984 um túlkun á kjarasamningsákvæði um útköll á bakvakt sem hefði verið leystur var með sérstakri samþykkt milli þáverandi aðila kjarasamningsins, kjaranefndar STAK og Akureyrarbæjar 22. janúar 1986. Ríkið hafi yfirtekið rekstur FSA á árinu 1990. Eftir það hefðu allar undantekningar og frávik hjá FSA á framkvæmd vinnusamninga hjá ríkisstofnunum verið teknar upp á borðið og samræmdar framkvæmd ríkisins. Við þá samningsgerð hafi aldrei komið fram af hálfu viðsejenda ríkisins að greiðslur fyrir útköll væru með þeim hætti, sem deilt var um, og hafi ríkinu því verið ókunnugt um tilvist þeirrar framkvæmdar. Forsaga þess máls, sem deilt var um í Félagsdómsmáli nr. 13/2002, sé

Því allt önnur en í því máli sem hér sé til umfjöllunar. Dómurinn hafi einungis varðað kjarasamning STAK þar sem framkvæmd hafði grundvallast á sérstakri samþykkt milli þáverandi aðila kjarasamningsins.

Í máli nr. 3/2011 hefði Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri ákveðið einhliða í framhaldi af dómi Félagsdóms í málinu nr. 13/2002, að útfæra ákvæðin um endurtekin útköll rýmra en ákvæði kjarasamnings fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Félags lífeindafræðinga kvað á um. Þó svo störf þeirra, sem hér eigi í hlut, séu með sama hætti alls staðar á landinu, sé forsaga framkvæmdar á Sjúkrahúsinu á Akureyri slík að hún geti ekki haft fordæmisgildi hjá öðrum félagsmönnum Félags lífeindafræðinga á öðrum sjúkrastofnunum þar sem félagsmenn þess starfi.

Frá því dómur gekk í Félagsdómsmálinu nr. 13/2002 hafi Félag lífeindafræðinga ekki haft frumkvæði að því að taka til umræðu skilning stefnda á ákvæðum greina 2.3.3.1 og 2.3.3.2 við kjarasamningsgerð aðila. Eftir gerð kjarasamnings, þá við Meinataeknafélag Íslands, sem undirritaður var 31. maí 2001 hafi samningurinn verið framlengdur þrisvar, fyrst með samkomulagi undirrituðu 28. febrúar 2005, í annað sinn með samkomulagi undirrituðu 28. júní 2008 og í þriðja sinn með samkomulagi undirrituðu 6. júní 2011. Auk þess sem Félag lífeindafræðinga og fjármálaráðherra, f.h. ríkissjóðs, hafi hinn 28. mars 2006 gert sérstakt samkomulag um tiltekna þætti í kjarasamningi aðila varðandi vinnutíma, þ.á m. grein 2.3.3.2. Af hálfu forsvarsmanna Félags lífeindafræðinga hafi ekki verið gerðar athugasemdir við túlkun stefnda á greinum 2.3.3.1. og 2.3.3.2 við það tækifæri. Vegna Félagsdómsmálsins nr. 3/2011 hafi einnig verið fullt tilefni fyrir forsvarsmenn félagsins til að taka upp túlkun stefnda við framlengingu kjarasamningsins hinn 6. júní 2011 en í viðauka með því samkomulagi hafi verið samið um sérmál einstakra félaga innan BHM, m.a. vegna Félags lífeindafræðinga. Forsvarsmönnum félagsins hafi mátt vera ljós þessi skýring á kjarasamningsákvæðinu hjá öðrum stéttarfélagum innan BHM. Ekki hafi verið um neinn ágreining að ræða milli ríkisins og BHM um almenna túlkun á umræddum ákvæðum og hafi ráðuneytið talið að þessi skýring væri sameiginlegur skilningur stefnda og allra þeirra stéttarféлага innan BHM sem að sambærilegum kjarasamningsákvæðum komu. Því hafi þessi atriði ekki komið til umræðu að frumkvæði ríkisins á fundum við kjarasamningsgerð aðila en fullt tilefni hefði hins vegar verið til af hálfu forsvarsmanna stefnanda að taka þessi mál sérstaklega upp við ríkið ef þeir voru annarrar skoðunar. Beri samkvæmt framangreindu að sýkna af kröfum stefnanda í máli þessu.

Niðurstaða

Mál þetta á undir Félagsdóm samkvæmt 3. tölul. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Í 4. mgr. 27. gr. greindra laga er

mælt svo fyrir að stéttarfélög reki mál sín og félagsmanna sinna fyrir Félagsdómi. Samkvæmt því og þar sem málið lýtur alfarið lögum nr. 94/1986, eins og fyrr greinir, verður að telja að Félag lífeindafræðinga sé réttur aðili málsins og teljist stefnandi í málinu. Samkvæmt þessu er málsóknarrétti Bandalags háskólamanna ekki til að dreifa.

Í máli þessu er deilt um það hvernig skilja beri greinar 2.3.3.1 og 2.3.3.2 um útköll í kjarasamningi milli Félags lífeindafræðinga annars vegar og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs hins vegar, sem undirritaður var hinn 28. febrúar 2005, með gildistíma frá 1. febrúar 2005 til 30. apríl 2008. Kjarasamningur þessi var framlengdur frá 1. júní 2008 til 31. mars 2009 með samkomulagi, sem undirritað var hinn 28. júní 2008, með þeim breytingum og fyrirvörum sem fólust í samkomulaginu. Með samkomulagi, undirrituðu hinn 6. júní 2011, var kjarasamningurinn enn framlengdur til 31. mars 2014, með þeim breytingum og fyrirvörum sem fólust í samkomulaginu. Fyrir liggur og er óumdeilt að greind ákvæði kjarasamningsins, sem um er deilt í máli þessu, breyttust ekki við þær framlengingar samningsins sem hér hefur verið getið.

Stefnandi byggir á því að framkvæmd Heilbrigðisstofnunar Vesturlands á greindum ákvæðum kjarasamningsins um útköll hafi um langt árabíl verið með þeim hætti að félagsmenn stefnanda í starfi hjá stofnuninni hafi fengið greitt fyrir hvert útkall fyrir sig og hafi þá gilt einu hvort annað útkall fylgdi í kjölfarið áður en þrjár eða eftir atvikum fjórar klukkustundir voru liðnar frá fyrra útkalli. Hafi tryggilega fest sig í sessi tiltekin túlkun og beiting á þessum ákvæðum kjarasamningsins, þannig að framkvæmdavenja hafi skapast. Þessi túlkun eigi sér aukinheldur stoð í orðalagi umræddra kjarasamningsákvæða. Geti stefndi ekki einhliða breytt áralangri framkvæmd, sem sé í samræmi við ákvæði gildandi kjarasamnings, með þeim hætti sem gert var við upptöku nýrra tímaskráningarkerfa án þess að viðkomandi starfsmönnum væri tilkynnt um breytinguna. Slíkri breytingu verði ekki náð fram nema með uppsögn kjarasamningsins eða breytingu á viðeigandi ákvæðum hans. Stefnandi mótmælir því að ákvæði í kjarasamningum annarra stéttarféлага geti skipt hér máli. Þá vísar stefnandi til tveggja dóma Félagsdóms, annars vegar dóms frá 4. febrúar 2003 í málinu nr. 13/2002 og hins vegar dóms frá 8. júní 2011 í málinu nr. 3/2011, er hafi ótvírætt fordæmisgildi í máli þessu.

Af hálfu stefnda er því mótmælt að framkvæmd Heilbrigðisstofnunar Vesturlands á greindum kjarasamningsákvæðum hafi verið í samræmi við ákvæðin, enda sé tilgangur ákvæðanna að tryggja starfsmanni yfirvinnugreiðslu vegna útkalla en ekki tvöföld laun þann tíma sem útköll falla saman. Skilningur stefnda hafi ævinlega verið sá að þegar útköll liggi það nálægt í tíma að lágmarksgreiðslu næsta útkalls á undan sé ekki lokið þegar hið næsta hefjist, gildi sú regla að greiða skuli fyrir „samfelldan tíma“ frá upphafi fyrsta útkalls til loka þess síðasta. Er vísað til þess að

Þessi skilningur komi fram í skýringum í sérútgáfum kjarasamninga og sé ágreiningslaus milli ríkisins og Bandalags háskólamanna. Stefndi leggur á það áherslu að önnur framkvæmd Heilbrigðisstofnunar Vesturlands hafi aldrei verið til umfjöllunar sem sammingsatriði við kjarasamningsgerð aðila og geti sú framkvæmd, sem ekki sé í samræmi við framkvæmd sama kjarasamnings hjá öðrum ríkisstofnunum, ekki talist hluti af kjarasamningi aðila. Þá hafi stefnandi aldrei haft frumkvæði að því að taka túlkun stefnda á greindum ákvæðum til umræðu við kjarasamningsgerð, þótt tilefni hafi verið til. Loks mótmælir stefndi því að umræddir dómur Félagsdóms hafi fordæmisgildi í máli þessu, enda séu atvik ekki sambærileg svo sem stefndi rökstyður frekar.

Óumdeilt er að sú túlkun á greinum 2.3.3.1 og 2.3.3.2 í kjarasamningi aðila, sem fram kemur í dómkröfum stefnanda í máli þessu, er í samræmi við framkvæmd Heilbrigðisstofnunar Vesturlands á ákvæðum þessum um langt árabíl. Ekki liggur fyrir í málinu hvenær breyting var gerð á framkvæmd ákvæða þessara til samræmis við skilning stefnda á þeim og gátu málsaðilar ekki upplýst það nákvæmlega við meðferð málsins. Þó kom fram að breytingin hefði komist á smám saman á árinu 2009 við upptöku nýs tímaskráningarkerfis (Vinnustundar) og að þessi breyting vék frá fyrri framkvæmd Heilbrigðisstofnunar Vesturlands. Stefndi ber því meðal annars við að stefnanda hafi borið að taka upp túlkun þessarar kjarasamningsatriða við kjarasamningsgerð. Ekki verður séð að tekið hafi verið á þessu atriði við gerð kjarasamningsins 2005 eða það borið á góma við síðari samninga og samkomulög. Vegna málsástæðna stefnda verður að taka undir það með stefnanda að ekki hafi staðið upp á stéttarfélagið sérstaklega að hreyfa því við kjarasamningsgerð að umrædd ákvæði yrðu skoðuð, enda var framkvæmd þeirra af hendi Heilbrigðisstofnunar Vesturlands í takt við skilning stefnanda. Þá verður ekki fallist á það með stefnda að texti í kjarasamningum annarra stéttarféлага hafi þýðingu í máli þessu.

Stefnandi hefur meðal annars borið því við að venja hafi skapast um framkvæmd umræddra ákvæða hjá Heilbrigðisstofnun Vesturlands, enda staðið yfir um langt árabíl, uns breyting sú, sem um er deilt, var gerð. Stefndi tekur ekki undir þetta og ber því við að framkvæmdin hafi gengið gegn umræddum ákvæðum kjarasamningsins, rétt skýrðum samkvæmt túlkun stefnda. Þegar venja hefur myndast um framkvæmd og túlkun kjarasamnings hefur hún svipað gildi og kjarasamningur og verður ekki breytt einhliða af öðrum sammingsaðila. Að því virtu, sem upplýst er í málinu um þá framkvæmd sem tíðkaðist hjá Heilbrigðisstofnun Vesturlands á umræddum ákvæðum kjarasamningsins, verður að fallast á það með stefnanda að venja hafi komist á varðandi framkvæmdina, er sé frekast til skýringar og fyllingar á ákvæðunum, en gangi ekki gegn þeim. Grein 2.3.3.1 í kjarasamningi Félags lífeindafræðinga og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs fjallar um greiðslu í útköllum, sem

eru ekki í beinu framhaldi af daglegri vinnu. Samkvæmt orðalagi þessa samningsákvæðis, skal greiða fyrir að minnsta kosti þrjár klukkustundir, nema reglulegur vinnutími hefjist innan þriggja tíma frá upphafi útkalls og skal þá greitt fram að upphafi reglulegs vinnutíma starfsmanns. Jafnframt er kveðið á um það í ákvæðinu að ljúki útkalli áður en þrjár klukkustundir eru liðnar frá lokum daglegrar vinnu starfsmanns skuli greitt fyrir yfirvinnu fyrir tímann frá lokum hinnar daglegu vinnu til loka útkallsins. Ekki er fjallað sérstaklega um það í ákvæðinu, hvernig fara skuli með það þegar nýtt útkall hefst áður en greiðslum er lokið vegna fyrra útkalls. Ekki verður því fallist á það með stefnda að venja sú, sem deilt er um í máli þessu, gangi gegn ákvæði kjarasamningsins. Í ljósi þessa mátti stefnandi treysta því að greitt yrði fyrir útköll til samræmis við greinda venju. Verður að fallast á það með stefnanda að slíkri venjubundinni framkvæmd verði almennt ekki breytt nema með nýjum kjarasamningi milli aðila. Breytir engu um þá niðurstöðu þótt fjármálaráðuneytið hafi gengið út frá því að framkvæmdin væri með öðrum hætti en raunin var.

Með vísan til þess, sem að framan er rakið, og með hliðsjón af dómi Félagsdóms frá 8. júní 2011 í málinu nr. 3/2011, sem hefur fordæmisgildi í máli þessu, eru dómkröfur stefnanda í máli þessu teknar til greina eins og þær eru fram settar í stefnu.

Eftir niðurstöðu málsins verður stefnda gert að greiða stefnanda málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn 300.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Viðurkennt er að stefnda, íslenska ríkinu vegna Heilbrigðisstofnunar Vesturlands, beri samkvæmt grein 2.3.3.1 í kjarasamningi Félags lífeindafræðinga og fjármálaráðherra f.h. rikissjóðs að greiða félagsmönnum félagsins, sem starfa við Heilbrigðisstofnun Vesturlands, minnst þrjár klukkustundir í yfirvinnukaup fyrir hvert skipti sem starfsmaður er kallaður til vinnu sem ekki er í beinu framhaldi eða undanfari daglegs vinnutíma hans.

Þá er jafnframt viðurkennt að stefnda beri samkvæmt grein 2.3.3.2 í kjarasamningi Félags lífeindafræðinga og fjármálaráðherra f.h. rikissjóðs að greiða félagsmönnum félagsins, sem starfa við Heilbrigðisstofnun Vesturlands, minnst fjórar klukkustundir í yfirvinnukaup fyrir hvert skipti sem starfsmaður er kallaður til vinnu á tímabilinu frá kl. 00.00-08.00 á mánudegi til föstudags, kl. 17:00-24.00 á föstudegi eða almennum eða sérstökum frídegi skv. gr. 2.1.4.1 og 2.1.4.2, nema reglulegur vinnutími starfsmanns eigi endranær að hefjast innan þriggja og hálfra klukkustundar frá því útkall hófst sem ekki er í beinu framhaldi eða undanfari daglegs vinnutíma hans.

Stefndi greiði stefnanda, Félagi lífeindafræðinga, 300.000 kr. í málskostnað

Arnfríður Einarsdóttir

Kristjana Jónsdóttir

Elín Blöndal

Gylfi Knudsen

Inga Björg Hjaltadóttir

Rétt endurrit staðfestir,
Reykjavík,

Gjald kr. 2.500

-

Greitt:

